

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar á tillögu að deiliskipulagi.

Suðurlandsvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 og bæjarstjórn Mosfellsbæjar 24. maí 2023 nýtt deiliskipulag fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Deiliskipulagið nær til hluta Suðurlandsvegar frá sveitarfélagamörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur í vestri að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegar á efri hluta Lögbergsbrekku (Mosar) við Syðri-Fossvallaá í austri. Helstu framkvæmdir samkvæmt deiliskipulaginu varða myndun samfellds stofnvegar 2+2, frá sveitarfélagamörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur að Lögbergsbrekku þar sem vegurinn er nú þegar tvíbreiður. Einnig er fyrirhugaður hliðarvegur 1+1, milli núverandi vegar að Waldorfskóla og vegar að Lækjarbotnalandi ásamt gatnamótum. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstígum og undirgöngum þeim samhliða undir Suðurlandsveginn og tekið er frá framtíðarsvæði fyrir mislæg gatnamót.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 14. júní 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar.

B-deild – Útgáfudagur: 16. júní 2023